

Priðjudaginn 14. mars 1995.

Nr. 84/1995.

Íslenska umboðssalan hf.

(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

Granda hf.

(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Aðför.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 23. febrúar 1995, þar sem staðfest er fjárnám, er sýslumaðurinn í Reykjavík gerði í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Seljavegi 2, Reykjavík, 19. desember 1994. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi þannig, „að synjað verði að svo stöddu um staðfestingu“ fjárnámsins „eða aðför frestað, svo og, að varnaraðila verði gert að láta aflýsa aðfararveðinu úr veðmálabókum“. Til vara er þess krafist, „að fjárhæð aðfarargerðarinnar verði lækkuð . . . , en frestað aðför að hluta, þar til endanlegur dómur um kröfu kæranda . . . um bætur . . . vegna ólögmætrar löghaldsgerðar er genginn í staðfestingarmálinu, sem er hluti hæstaréttarmálsins . . . , sem dómur Hæstaréttar frá 27. október 1994 varðar“. Einnig krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en því, að kröfu varnaraðila um viðurkenningu á stöðu í veðröð verði ekki vísað frá dómi.

Með vísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðila ber að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Íslenska umboðssalan hf., greiði varnaraðila, Granda hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 1995.

I.

Máli þessu var skotið til héraðsdóms með bréfi 21. desember 1994 og það tekið til úrskurðar 2. febrúar sl.

Sóknaraðili er Íslenska umboðssalan hf., kt. 600970-0469, Seljavegi 2, Reykjavík.

Varnaraðili er Grandi hf., kt. 541185-0389, Norðurgarði, Reykjavík.

Málskot þetta er vegna fjárnáms, er sýslumaðurinn í Reykjavík gerði. Gerðin var fyrst tekin fyrir 8. desember 1994, en henni var lokið 19. desember með því, að lýst var fjárnámi í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Seljavegi 2.

Sóknaraðili gerir þessar kröfur í málinu:

1) Aðallega, að synjað verði að svo stöddu um staðfestingu aðfarargerðarinnar eða henni frestað, svo og, að varnaraðila verði gert að láta af-lýsa aðfararveðinu úr veðmálabókum.

2) Til vara krefst sóknaraðili þess, að fjárhæð aðfarargerðarinnar verði lækkuð um 4.882.850 kr., þ. e., að dráttarvextir verði reiknaðir án höfuð-stólsfærslu, – jafnframt, að skaðabætur skv. dómkröfu sóknaraðila í málinu nr. 7388/1992, að fjárhæð 4.868.861 kr., skuli koma til frádráttar kröfu varnaraðila.

3) Að synjað verði kröfu varnaraðila um stöðu í veðröð.

4) Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að fjárnámsgerðin verði staðfest og að ákveðið verði með dómi, að fjárnámið komi í stað löghaldsgerðar varnaraðila í sömu eign. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar að teknu tilliti til kostnaðar af þinglýsingu fjárnámsins, að fjárhæð 232.615 kr.

II.

15. janúar 1991 var í bæjarþingi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í málinu nr. 15019/1989: Grandi hf. gegn Íslensku umboðssölu hf. og Sameinuðum framleiðendum. Með þeim dómi var stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 5.248.960 kr. auk tiltekinna vaxta og 560.000 kr. í málskostnað. Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 31. janúar 1991.

Hæstiréttur dæmdi málið 27. október 1994. Dómsorð réttarins hljóðaði svo, að því er þann þátt varðar:

„Aðaláfrýjendur, Íslenska umboðssalan hf. og Sameinaðir framleiðendur, greiði gagnáfrýjanda, Granda hf., 3.450.130 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 5.248.960 krónum frá 10. janúar 1989 til 15. janúar 1991, en af 3.450.130 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.“

9. janúar 1992 óskaði stefnandi þess við borgarfógetaembættið í Reykjavík, að löggeymsla yrði lögð á eignir stefnda, en með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 27. janúar 1992 var þeirrar beiðni sýnað. Þá krafðist stefnandi kyrrsetningar með beiðni, dagsettri 18. maí 1992. Framgangi gerðarinnar var mótmælt, og gekk úrskurður í málinu 22. júní 1992, þar sem ákveðið var, að gerðin skyldi fara fram. Hinn 26. sama mánaðar var síðan lagt lög-hald á eignarhluta stefnda í fasteignunum Seljavegi 2 og Eyjagötu 9 í Reykjavík.

Sú gerð var staðfest með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 4. janúar 1994, en sá dómur var ómerktur með áðurgreindum dómi Hæstaréttar. Gerðin var síðan staðfest að nýju í Héraðsdómi Reykjavíkur 27. janúar sl. Sóknar-aðili kveðst ætla að áfrýja dóminum, en áfrýjunarstefnu hefur hann ekki lagt fram.

III.

Varnaraðili krafðist fjárnáms með beiðni, dagsettri 15. nóvember sl. Vísar hann þar um aðfararheimild til áðurnefnds Hæstaréttardóms. Gerðin var tekin fyrir 8. desember.

Bókun um fjárnámsgerðina er í meginatriðum svohljóðandi:

„. . . Gerðarbeiðandi krefst fjárnáms fyrir kröfu að fjárhæð 15.440.098 kr., sem sundurliðast þannig:

Höfuðstóll	kr.	3.450.130
Dráttarvextir til 15. 11. '94.	–	10.697.084

...

Fyrirtaka 8. 12. 1994 kl. 10.30. . . . Lögmanni gerðarþola er kynnt krafa gerðarbeiðanda. Hann krefst þess, að sýnað verði um framgang gerðarinnar að svo stöddu, annars vegar, þar sem þegar sé trygging fyrir kröfunni með kyrrsetningu í tveimur verðmætum eignum og staðfestingarmál þar um hafi verið ómerkt fyrir Hæstarétti frá aðalmeðferð, hins vegar mótmælir lögmaður gerðarþola vaxtaútreikningi gerðarbeiðanda. . . Fulltrúi sýslu-manns lýsir þeirri ákvörðun sinni að hafna kröfu gerðarþola um synjun framgangs gerðarinnar og skorar á lögmann gerðarþola að benda á eignir. . . .“

Bent var á eignarhluta sóknaraðila í Seljavegi 2. Varnaraðili mótmælti ábendingunni sem ófullnægjandi, og var ákveðið að framkvæma mat á eigninni. Gerðin var síðan tekin fyrir að nýju 19. desember, og lýsti lögmaður varnaraðila þá yfir því, að fallið væri frá kröfu um mat. Var þá gert fjárnám í áðurnefndum eignarhluta og gerðinni með því lokið.

IV.

Sóknaraðili bendir á, að varnaraðili hafi þegar tryggingu með þinglýstu veði í eignum gerðarþola fyrir mun hærri fjárhæðum en dómkröfu nemur á grundvelli löghaldsgerðar frá 26. júní 1992. Hann segir, að staðfestingarmáli um gerðina sé ekki lokið. Fyrr en því ljúki, víki hún ekki fyrir aðför, og aðför geti ekki komið í hennar stað. Með aðför nú yrði veðréttur gerðarbeiðanda og kvaðir á eignum gerðarþola mun meiri en nemur löghaldsveðinu, en aðfararveðið fari í skuldaröð á eftir öðrum veðhöfum. Því telur sóknaraðili, að rétt sé að synja um framkvæmd gerðarinnar, þar til staðfestingarmáli um löghaldið sé lokið, enda geti varnaraðili fengið fjárnám gert í staðfestingarmálinu að dómi gegnum.

Til stuðnings varakröfu sinni mótmælir sóknaraðili vaxtaútreikningi varnaraðila. Varnaraðili hafi í gerðarbeiðni krafist vaxtavaxta, þ. e. höfuðstólsfærslu dráttarvaxta á 12 mánaða fresti. Þessa aðferð telur sóknaraðili ganga þvert á niðurstöðu Hæstaréttar í dóminum 27. október sl. Varnaraðili hafi hvorki í stefnu né áfrýjunarstefnu krafist vaxtavaxta, ekki heldur í greinargerðum í héraði eða fyrir Hæstarétti. Í stefnu, dagsettri 6. desember 1988, hálfu öðru ári eftir gildistöku vaxtalaga, sé einungis vísað til 10. gr. vaxtalaga, en ekki til 10. og 12. gr. eða III. kafla, gagnstætt því, sem gert sé um málskostnaðarkröfu, þar sem krafist var dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga. Ef krefjast hefði átt vaxtavaxta, hefði verið nauðsynlegt að kveða á um það, hvenær vextir legðust í fyrsta sinn við höfuðstól. Það hafi ekki verið gert. Þá telur sóknaraðili, að Hæstiréttur hafi fallist á rök sín um vaxtareikninginn með því að dæma höfuðstól skuldarinnar 3.450.130 kr. í stað 5.248.960 kr. Hefði höfuðstólsfærsla verið viðurkennd, hefði dómsorð hljóðað á 5.248.960 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. eða III. kafla vaxtalaga, allt að frádreginni greiðslu á 1.798.830 krónum.

Krafa sóknaraðila um skaðabætur til frádráttar kröfu varnaraðila er krafa, sem hann hafði uppi í málinu um staðfestingu löghaldsgerðarinnar, er dæmt var 27. janúar sl. Skaðabótakröfunni var þar vísað frá dómi, en sundurliðun hennar var lögð fram í því máli. Í þessu máli hefur krafan ekki verið sundurliðuð sérstaklega, en einungis vísað til þess, að hér sé um að ræða sömu kröfu og höfð var uppi í staðfestingarmálinu. Sami dómari hefur

farið með bæði málin, og var þingað í þeim samhliða, á meðan bæði voru til meðferðar.

V.

Varnaraðili heldur því fram, að hann hafi haft ótvíræða heimild samkvæmt dómi Hæstaréttar til að fá gert fjárnám í eignum sóknaraðila. Hann telur, að úrslit ágreinings um staðfestingu löghaldsgerðarinnar geti einungis haft áhrif á það, hvar í röð veðréttinda fjárnáminu verði skipað, en skipti ekki máli um lögmæti fjárnámsgerðarinnar sem slíkrar.

Varnaraðili krefst vaxta í fjárnámsbeiðni miðað við höfuðstólsfærslu dráttarvaxta á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga. Hæstiréttur hafi ekki fjallað um það, hvort höfuðstólsfærslan væri heimil, enda hafi ekki verið um það spurt. Þess hafi ekki verið þörf, því að 12. gr. vaxtalaga sé afdráttarlaus, dráttarvexti samkvæmt 10. gr. skuli höfuðstólsfæra á 12 mánaða fresti. Um það þurfi engan dóm í ágreiningsmálinu sjálfu, það leiði af sjálfu sér, að ef dráttarvextir séu dæmdir, skuli þeir höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti.

Málskostnaðar krefst varnaraðili að viðbættum kostnaði af þinglýsingu fjárnámsgerðarinnar, eins og áður getur.

VI.

Aðalkröfu sóknaraðila verður í heild að skilja sem kröfu um ógildingu aðfarargerðarinnar. Dómur Hæstaréttar 27. október 1994, sem varnaraðili studdi aðfararbeiðni sína við, er fjárnámsheimild skv. 1. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Ekki er fyrirvari í aðfararlögum, sem hindrar framkvæmd fjárnáms, þó að krafan, sem lúkningar er leitað á, sé tryggt með löghaldsgerð eða með öðrum hætti. Verður því ekki fallist á þessa kröfu sóknaraðila.

Ekki er skýrlega kveðið á um það í bókun sýslumanns, að fjárnám sé gert til lúkningar kröfu með vaxtavöxtum. Af atvikum má þó ráða, að svo hafi verið og málflutningur aðila miðist við það.

Í 12. gr. vaxtalaga segir, að áfallna dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól, ef vanskil standa lengur en 12 mánuði. Ákvæði þetta er eitt af þeim lagaákvæðum, sem gilda um dráttarvexti. Önnur ákvæði gilda um ákvörðun þeirra, auglýsingar og fleiri atriði, sem máli skipta um vextina. Lögin gera ekki sérstaklega ráð fyrir því, að dráttarvextir séu ekki höfuðstólsfærðir; þó er kröfuhafa vitanlega heimilt að falla frá því.

Með tilvísun til 10. gr. vaxtalaga má segja, að afmarkað sé nægilega, hvaða vaxtafót átt er við á hverjum tíma og hvernig hann er ákveðinn. Telja verður, að í því felist einnig nægilega, að vextir séu lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga. Er dómur Hæstaréttar þannig

aðfararheimild fyrir vöxtum, sem þar er mælt fyrir um og reiknuðum í samræmi við þær reglur, sem settar eru í vaxtalögunum, en telja verður víst, að varnaraðili eigi kröfu á hendur sóknaraðila um greiðslu vaxtavaxta. Þá verður ekki fallist á það með sóknaraðila, að með orðalagi í dómsorði hafi Hæstiréttur tekið aðra afstöðu til þessa atriðis.

Í áðurgreindu máli til staðfestingar löghaldsgerðinni gerði sóknaraðili kröfu um skaðabætur og hafði hana uppi sem gagnkröfu. Var kröfunni þar vísað frá dómi. Ekki er í máli skv. XV. kafla aðfararlaga ráðrúm til að fjalla efnislega um gagnkröfur, sem gerðarþoli vill hafa uppi til skuldajafnaðar við fjárnámsgerð. Því er lýst til hlítar í 40. gr. aðfararlaga, hverjar heimildir gerðarþoli hefur til að beita skuldajöfnuði. Skaðabótakrafa sóknaraðila er hvorki aðfararhæf né viðurkennd af varnaraðila. Verður skuldajafnaðar-kröfunni því vísað frá dómi.

Ekki er forsenda til þess að ákveða nú röð réttinda við hugsanlega úthlutun söluverðs fasteignarinnar Seljavegar 2 að lokinni nauðungarsölu. Aðrir en aðilar þessa máls yrðu ekki bundnir af slíkri ákvörðun, og verður þessari kröfu varnaraðila þegar af þeirri ástæðu vísað frá dómi.

Í samræmi við framangreint verður fjárnámsgerðin staðfest. Því verður varnaraðila ákveðinn málskostnaður úr hendi sóknaraðila. Kostnaður af þinglýsingu fjárnámsgerðarinnar fæst greiddur með fjárnámskröfunni sjálfri við úthlutun söluandvirðis, en veðréttur skv. fjárnámsgerðinni er til lúkn-ingar þessum kostnaði meðal annars. Því væri sérstakri aðfararheimild fyrir þessum kostnaði ofaukið. Í samræmi við úrslit málsins og atvik að öðru leyti verður málskostnaður ákveðinn 100.000 krónur.

Jón Finnbjörnsson dómarafultrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framangreindri kröfu sóknaraðila, Íslensku umboðssöluunnar hf., um skuldajöfnuð er vísað frá dómi.

Framangreindri kröfu varnaraðila, Granda hf., um viðurkenningu á stöðu í veðröð er vísað frá dómi.

Framangreind fjárnámsgerð er staðfest.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 100.000 kr. í málskostnað.